



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

23. maí 2018 – Pistill nr. 35

Síðasti fundur sveitarstjórnar á kjörtímabilinu



Myndin var tekin eftir sveitarstjórnarfundinum í morgun. Frá vinstri: Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri, Sigurður Böðvarsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Yngvi Ragnar Kristjánsson oddviti, Helgi Héðinsson og Friðrik Jakobsson.

Sælir og blessaðir kærur Mývetningar um land allt. Þá er komið að síðasta pistli sveitarstjóra á þessu kjörtímabili. Næsta laugardag verða sveitarstjórnarkosningar. Eftir þær kveður núverandi sveitarstjórn og skilar umboði sínu og ráðningarsamningur

sveitarstjóra rennur út líkt og sveitarstjórnarlög gera ráð fyrir. Ég settist hér í stól sveitarstjóra fyrir liðlega tveimur árum og er ákaflega þakklátur fyrir þetta tækifæri. Í mínum huga stendur upp úr að hafa kynnst yndislegu fólki í Mývatnssveit, ekki síst

starfsfólki sveitarfélagsins sem ég hef átt einstaklega gott samstarf við. Þetta er 34. sveitarstjórastíllinn sem gefinn er út í kjölfar sveitarstjórnarfundar. Sá fyrsti kom út 9. nóv. 2016 en tilgangurinn var fyrst og fremst að auka upplýsingaflæði. Óhætt er að segja að viðbrögðin hafa verið framar vonum.

Síðasti sveitarstjórnarfundur kjörtímabilsins

Síðasti sveitarstjórnarfundur þessa kjörtímabils var haldinn í morgun. Alls voru 16 mál á dagskrá og að vanda gekk fundurinn vel. Fyrir síðustu kosningar bauð H-listinn einn fram og var því sjálfkjörinn. Hann skipa íbúar í Mývatnsveit sem koma úr ýmsum áttum og með ólíkan bakgrunn. Sveitarstjórn fundar sem kunnugt er tvisvar í mánuði. Hins vegar eru fundirnir talsvert oftari fyrir hvern sveitarstjórnarfund er haldinn undirbúningsfundur þar sem ítarlega er farið yfir mál næsta fundar. Þau tæp tvö ár sem ég er búinn að vera hér hefur umræðan innan sveitarstjórnar verið mjög góð, tekist er á um ýmis málefni, eins og gengur, en á málefnalegan og heiðarlegan hátt þar sem hagsmunir íbúa sveitarfélagsins eru ávallt í öndvegi. Undirbúningsfundina sitja bæði aðal- og varamenn og því hafa fjölbreytt sjónarmið komið fram. Alls hefur sveitarstjórn haldið 78 fundi á þessu kjörtímabili, með undirbúningsfundunum eru þetta því um 150 fundir, fyrir utan ýmsa aukafundi um víðan völlum vegna víðtækra hagsmuna sveitarfélagsins og faglegrar ákvarðanatöku. Þar er ég m.a. að vísa til fráveitumála og Kröflulínu 4. Má því áætla að fjöldi formlegra og óformlegra funda sé vel á þriðja hundrað.

Eftir að hafa starfað svo náið með sveitarstjórninni undanfarin misseri og tekist á við fjölbreytt og krefjandi verkefni er upplifun mín að þessi samhengi hópur undir stjórn Yngva Ragnars oddvita er einstakur. Á fyrri hluta kjörtímabilsins þurfti að taka erfiðar ákvarðanir til að taka til í rekstri sveitarfélagsins en óhætt er að segja að sveitarstjórnin skili af sér góðu búi og hér séu bjartir tímar framundan.

Mjög hefur mætt á skipulagsnefnd á kjörtímabilinu undir stjórn Helga Héðinssonar enda er sá málaflökkur sífellt fyrirferðameiri hjá sveitarfélögum þar sem regluverkið verður flóknara með hverju árinu. Skipulagsnefnd fundaði 48 sinnum á kjörtímabilinu fyrir utan fjölmarga óformlega fundi hjá formanninum. Skólamálin hafa verið fyrirferðamikil enda mikil uppbygging átt sér stað, skólanefndin hefur fundað 24. sinnum undir stjórn Jóhönnu Katrínar. Félags- og menningarmálanefnd undir stjórn Elísabetu Sigurðardóttur hefur m.a. verið með málefni Skjólbrekku og úthlutun menningarstyrkja á sinni könnu og fundað alls 18 sinnum. Umhverfisnefnd undir stjórn Arnheiðar R. Almarsdóttur hefur m.a. unnið að endurskoðaðri Umhverfisstefnu og lyft grettistaki í sorpmálum og fundað alls 12 sinnum, líkt og landbúnaðar- og girðinganevnd undir stjórn Böðvars Péturssonar sem er ákaflega mikilvæg í starfsemi sveitarfélagsins. Þá hefur atvinnuálagnefnd undir stjórn Friðrik Jakobssonar m.a. unnið að húsnæðisáætlun sveitarfélagsins og fundað 8 sinnum. Þetta er lýðræðið í hnotskurn.



Af gámasvæðis- og sundlaugarmálum

Að gefnu tilefni vil ég minnst á tvö mál sem hafa verið í umræðunni í sveitarfélaginu að undanfögnu. Annars vegar bygging gámasvæðisins á Grímsstöðum og hins vegar sundlaugarmálin. Mikið framfaraskref var stigið í sveitarfélaginu þegar sorpflokkun hófst sumarið 2016 og nýtt gámasvæði

var tekið í notkun á Grímsstöðum þá um haustið. Þetta umhverfisvæna verkefni snarlækkaði kostnað íbúa sveitarfélagsins því rekstraraðilar þurftu að semja sjálfir beint við Gámaþjónustuna og/eða greiða fyrir að losa á gámasvæðið. Vegna mistaka verktaka við upphaflega staðsetningu gámasvæðisins var ákveðið í samráði við landeigendur að færa gámasvæðið til. Rétt er að taka fram að samstarfið við Grímunga hefur verið einstaklega gott í þessu máli. Gámaþjónustan tók að sér að færa gámasvæðið til innan deiliskipulagsreitsins og hlaust **ENGINN aukakostnaður** af því fyrir sveitarfélagið, þökk sé frábærri þjónustu Gámaþjónustunnar.

Varðandi **sundlaugarmálin** þá er mikilvægt að halda því til haga að sú þungbæra ákvörðun sveitarstjórnar að loka sundlauginni í ársbyrjun 2016 skilaði sér í umtalsverðri hagræðingu í rekstrarkostnaði íþróttamiðstöðvarinnar, eða um 12-15 m.kr. á ári sem nýst hefur í önnur uppbyggingaverkefni í staðinn. En ákvörðunin var engu að síður óumflýjanleg því sundlaugarkarið, sem var úr trefjaplasi, var dæmt ónýtt og mikil þörf á endurnýjun tækniþúnaðar og rekstrarkostnaður var hár. Gerðar höfðu verið ýmsar ráðstafanir til að bregðast við lekavanda en án árangurs. Meðal annars hafði verið settur dúkur í karið en það virkaði ekki þrátt fyrir að í tvígang hafi verið ráðist í miklar endurbætur á dúknum. Fyrir vikið flæddi klórvatn út í hraunið. Áætlað var að um 100 tonn af klórvatni á sólarhring hefðu lekið úr karinu undir það síðasta. Sveitarstjórn hefur leitað leiða varðandi nýja sundlaug. Meðal annars var leitað til Jarðbaðanna með að byggja sundlaug í samstarfi við sveitarfélagið en því var hafnað. Athugað var hvort hægt væri að byggja sundlaug sem væri skilgreind sem náttúruleg, án klórs, en heilbrigðiseftirlitinu leist ekki á það. Í haust ákvað sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar að gera ráð fyrir gerð áætlunar um bygginga- og rekstrarkostnað fyrir nýju sundlaugarkari og hreinsibúnaði, sem er fyrsta skrefið í uppbyggingu sundlaugar. Áætlunin var lögð fram á fundi sveitarstjórnar í apríl s.l. og rétt að rifja hana upp. Tækniþjónusta SÁ var fengin til þess að taka

saman kostnaðaráætlun fyrir tveimur stærðum af sundlaugum en fyrirtækið hefur talsverða reynslu af því að hanna sundlaugar. Heildar byggingakostnaður við 16,7 m laug var áætlaður á bilinu 105-145 m.kr. og við 25 m laug um 128-168 m.kr. Varðandi rekstrarkostnaðinn þarf að miða við 4,5 stöðugildi til að uppfylla öryggiskröfur. Í dag er 1,6 stöðugildi við íþróttahúsið og því bætast við um 3 stöðugildi vegna sundlaugar. Áætlaður rekstarkostnaður á ári er 66 m.kr., á móti koma tekjur (aðgangseyrir og önnur leiga) að upphæð 13 m.kr. Heildar rekstarkostnaður á ári er því um 53 m.kr. Þar af eru laun og launatengd gjöld um 37 m.kr. Húsaleiga eignasjóðs er 18,5 m.kr., rafmagn 1,8 m.kr. og heitt vatn 5,1 m.kr. svo eitthvað sé nefnt. Á fjárhagsáætlun 2018 er heildar rekstrarkostnaður íþróttamiðstöðvar 31 m.kr., á móti koma tekjur upp á 7.9 m.kr. Samlegðaráhrif af því að reka íþróttamiðstöð og sundlaug í sömu miðstöð eru nokkur, aðallega í starfsmannahaldi. Inn í þessar tölur vantar svo kostnað við ítarlegri hreinsibúnað fyrir klór sem heilbrigðiseftirlitið gerir kröfur um hér. Málinu var vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2019, sem þýðir einfaldlega að nú hefur ný sveitarstjórn, sem tekur við eftir kosningar, **allar forsendur til þess að taka upplýsta ákvörðun** um framhaldið á uppbyggingu sundlaugarinnar í Reykjahlíð. Málið er því í góðum farvegi miðað við aðstæður, ég held að við getum öll verið sammála um það.



Seinkun á malbikunarframkvæmdum

Því miður hefur malbikunarverktaki tilkynnt að hann komi ekki í Mývatnssveit fyrr en um miðjan júní,

sem er um mánaðar seinkun frá því sem áður var áætlað. Í fyrri áfanga sumarsins verður malbikað m.a. í Klappahrauni og Hlíðaveg.

Á myndinni má sjá Lárus umsjónarmann áhaldahússins að störfum við Skútahraun þar sem staðið hafa yfir viðgerðir á hitavatnslögn. Áhugasamir nemendur Reykjahlíðarskóla fylgjast vel með.

Vel gengur að ráða starfsfólk

Á fundi skólanefndar fór skólastjóri yfir stöðu starfsmannamála í Reykjahlíðarskóla á næsta skólaári. Búið er að ráða í tvær stöður grunnskólakennara og unnið að lausn á því sem út af stendur. Auglýst verður eftir stuðningsfulltrúa. Þá er búið að framlengja ráðningasamning við matráð. Leikskólastjóri fór einnig yfir starfsmannamál og líta þau vel út fyrir næsta vetur. Búið er að ráða í tvær lausar stöður en vantar í eina stöðu frá og með næsta hausti.

Ný Umhverfisstefna samþykkt

Sveitarstjórn samþykkti í morgun endurskoðaða Umhverfisstefnu Skútustaðahrepps sem umhverfisnefnd hefur unnið að. Stefnan var að lokum sett í opið umsagnarferli. Leiðarljósið er að Skútustaðahreppur verði til fyrirmyndar meðal íslenskra sveitarfélaga í umhverfismálum þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku. Stefnuna er hægt að nálgast á heimasíðu Skútustaðahrepps.

Tilboð opnuð í skólaakstur

Þann 8. maí s.l. voru opnuð tilboð í skólaakstur til næstu þriggja ára að viðstöddum þeim tilboðsaðilum sem þess óskuðu. Á sveitarstjórnarfundi í morgun var lögð fram undirrituð fundargerð frá opnun tilboðanna ásamt tilboðunum sjálfum. Þrjú tilboð bárust:

Snow dogs:

Leið 2: 380 kr. á km.

Gísli Rafn Jónsson:

Leið 1: 485 kr. á km.

Leið 2: 746 kr. á km.

Egill Freysteinsson:

Leið 1: 390 kr. á km.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að taka tilboði lægstbjóðanda í báðar leiðir, þ.e. Snow Dogs í leið 2 og Egils Freysteinsonar í leið 1, með þeim fyrirvara að lægstbjóðendur uppfylli kröfur reglugerðar Skútustaðahrepps um skólaakstur í dreifbýli sem og reglur um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009 með síðari breytingu. Jafnframt samþykkti sveitarstjórn samhljóða að bjóða út annan akstur en skólaakstur.



HRÓS DAGSINS...

Fá bæði blaklið Mývetnings en liðin stóðu sig frábærlega á móti um daginn. Virkilega gaman að sjá uppganginn í blaki í Mývatnssveit.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförmu, m.a. með skólanefnd, skipulagsnefnd, forstöðumönnum o.fl.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur
Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri